



UPPREISN

ÁLYKTANABÓK 2025-26



Ályktanabók Uppreisnar

Uppreisn - Ungliðahreyfing Viðreisnar stendur fyrir frjálsu, jöfnu og opnu samfélagi. Um þetta er kveðið í grunnstefnu hreyfingarinnar og er það sem allt málefnavstarf hennar byggir á og ályktanir taka mið af.

Þrír vettvangar innan Uppreisnar eru ályktanabærir, landsþing Uppreisnar, Uppreisnarþing og félagastjórn Uppreisnar. Ályktanabók með þessum hætti var fyrst tekin í notkun að loknu Uppreisnarþingi 15. febrúar 2020 en fyrir þann tíma hafði Uppreisn tekið virkan þátt í stefnumótun Viðreisnar og fjölmörg mál komið fyrst fram á Uppreisnarþingi áður en þau rötuðu í stefnuskrá flokksins.

Félögum er frjálst að senda inn ályktanir um öll heimsins mál, sem eru svo tekin í opna umræðu aðgengilega öllum innan raða Uppreisnar. Mál sem rata í ályktanabók Uppreisnar hafa fengið lýðræðislega meðferð og endurspegla áherslur sem Uppreisnarliðar vilja sjá frá kjörnum fulltrúum Viðreisnar. Með þessu samansafni ályktana er vonast eftir því að vilji ungliðahreyfingarinnar skili sér til eyrna þeirra sem hafa vald til breytinga og endurspeglis í málflutningi þeirra. Ályktanabókin hefst á grunnstefnu Uppreisnar.

Ályktanabók Uppreisnar var síðast uppfærð á félagsstjórnarfundum 30. maí 2025.

f.h. Uppreisnar
Sverrir Páll Einarsson
Forseti Uppreisnar

GRUNNSTEFNA UPPREISNAR	1
Andstaða gegn fyrirhuguðu afnáms samsköttunar hjóna og sambýlisfólks	3
Áfengis- og veðmálaauglýsingar	4
Áfengissala skal gefin frjáls	5
Álögur á fjármálafyrirtæki	6
Bardagaíþróttir	7
Burt með flugvöllinn í Reykjavík	8
Breytingar á erfðafjárskatti	9
Byggt í þágu ungs fólks	10
Bætt aðstaða fólks á flóttu	11
Bætt starfsumhverfi kennara	12
Börn eiga ekki heima á sakaskrá	13
Eflum móttöku barna af erlendum uppruna	14
Eflum stoðþjónustu innan skólakerfisins	15
Einföldun skattkerfisins	16
Fjarnámsskylda opinberra háskóla	17
Fjölgun skattþrepa	18
Flýtum Sundabraut	19
Frjálsslyndi er grunngildi Uppreisnar	20
Frelsi framhaldsskóla	21
Frelsi í framleiðslu og dreifingu kláms	22
Frelsi í heilbrigðiskerfinu	23
Frelsi til að byggja á eigin lóð	24
Geðheilsa ungmenna	25
Greiðslumat byggt á leigu	26
Greiðslur til að brúa bilið	27
Grænir hvatar	28
Hið opinbera á samkeppnismarkaði	29
Hinseginvænt kerfi	30
Ívilnanir fyrir vinnustaði sem bjóða upp á dagvistun fyrir börn starfsfólks	31
Landeignarskattur í stað fasteignaskatts	32
Laxeldi á Íslandi	33
Leggjum niður mannanafnanefnd	34
Leikskólastigið að skólaskyldu	35
Lengjum skólaárið í skrefum	36
Loftslagsmarkmið Íslands skulu taka mið af heildarlosun Íslands	37

Lækkum skatta	38
Lækkun kosninga- og kjörgengisaldurs	39
Lögleiðing vímuefna	40
Niðurfelling neyslustýrandi skatta	41
Opinber skráning trúar- og lífsskoðana	42
Ókeypis máltíðir í öllum leik- og grunnskólum	43
Rétturinn til að deyja með reisn	44
Sameining framhaldsskóla á Íslandi	45
Sameining sjóða	46
Sameining sveitarfélaga	47
Skógrækt	48
Staðlað inntökupróf í menntaskóla	49
Staða RÚV á samkeppnismarkaði	50
Stefnumótun í útlendingamálum	51
Styrkjum stöðu barna sem þurfa sértækan stuðning í skólakerfinu	52
Tryggjum forgang á starfsbrautir í framhaldsskólum	53
Umfang hins opinbera og áhrif þess á samkeppnismarkaði	54
Valfrelsi í samgöngum	55
Varnarmál	56
Þarfir nemenda í forgrunni	57



GRUNNSTEFNA UPPREISNAR

Uppreisn stendur fyrir frelsi, jafnrétti og opið samfélag.

Frjálslyndi, jafnrétti og öflugt alþjóðasamstarf helst í hendur og stuðlar þannig að réttlátu samfélagi og samkeppnishæfum lífsgæðum. Uppreisn berst fyrir samfélagi þar sem allir einstaklingar njóta frelsis, sem og jafnra tækifæra til þess að vaxa og dafna. Tryggja þarf að lýðræðisleg umræða sé upplýst og opin, og að virðing sé borin fyrir ólíkum skoðunum.

Frelsi

Uppreisn vill að einstaklingar séu frjálsir til að taka eigin ákvarðanir og bera ábyrgð á þeim. Frelsi einstaklingsins skal haft að leiðarljósi við lagasetningu og því ekki settar skorður nema það gangi á frelsi annara.

Uppreisn treystir einkaaðilum til þess að sinna hinum ýmsu verkefnum, er gagnrýnin á ríkisvaldið og á móti einokun, hvort sem er á hendi ríkis eða einkaaðila. Sköttum og öðrum opinberum gjöldum skal haldið í lágmarki.

Jafnrétti

Jafnrétti er forsenda frelsis. Allt fólk á að hljóta jöfn tækifæri í námi og starfi og standa jafnt frammi fyrir rétti. Ekki skal mismuna neinum á grundvelli uppruna, litarhafts, kynhneigðar, kynvitundar, fötlunar, trúar, búsetu eða stöðu að öðru leyti. Uppreisn berst gegn misrétti, fordómum og hvers kyns ofbeldi sem fyrirfinnst í samfélaginu.

Opið samfélag

Alþjóðlegt samstarf er besta leiðin til að takast á við áskoranir bæði nútíðar og framtíðar. Uppreisn styður því heilshugar inngöngu Íslands í Evrópusambandið og fulla þátttöku landsins í evrópsku samstarfi, ásamt áframhaldandi þátttöku þess á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, í norrænu samstarfi og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Ísland á að taka öllum sem hér vilja vera opnum örmum og hjálpa þeim að taka virkan þátt í samfélaginu. Þannig búum við til fjölbreytt, frjálslynt og opið samfélag.

Andstaða gegn fyrirhuguðu afnáms samsköttunar hjóna og sambýlisfólks

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn lýsir yfir eindreginni andstöðu við fyrirhugað afnám samsköttunar skattþrepa maka sem kynnt hefur verið af ríkisstjórninni.
2. Einsett loforð í kosningu var hækka ekki tekjuskatt. Viðreisn stendur gegn skatthækkunum á tekjuskatti einstaklinga. Þrátt fyrir að ekki sé um að ræða beina skattahækkun þá leiðir breytingin óhjákvæmilega til þess að launafólk mun þurfa að greiða meira í tekjuskatt.
3. Uppreisn skorar á ríkisstjórnina að endurskoða afstöðu sína og ráðast ekki í fyrirhugaðar breytingar.
4. Uppreisn stendur gegn öllum breytingum sem leiða til greiðslu hærri tekjuskatts.

Áfengis- og veðmálaauglýsingar

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að leyfa ætti innlendum fjölmiðlum að auglýsa áfengi og veðmálastarfsemi.
2. Slíkar auglýsingar sjást víða á netmiðlum og í erlendum blöðum og tímaritum sem eru til sölu í íslenskum verslunum. Það er því verið að mismuna innlendum fjölmiðlum og halda frá þeim mikilvægri tekjulind.
3. Aðgerð sem þessi væri til þess fallin að styrkja rekstrarstöðu einkarekinna fjölmiðla svo um munar.

Áfengissala skal gefin frjáls

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að sala á áfengi skuli gefin alveg frjáls. Sala á áfengi á vegum ríkisins stenst ekki þá skoðun að ríkið skuli sjá fólki fyrir nauðsynjavörum.
2. Svar við auknu aðgengi ungs fólks að áfengi skal ekki vera að hefta aðgengi almennings að því heldur með auknu átaki í forvarnastarfi sem er ekki í formi hræðsluáróðurs.

Álögur á fjármálafyrirtæki

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að lækka eigi álögur á fjármálafyrirtæki, enda sé ekki ástæða til að skattleggja þau umfram annan rekstur.
2. Skattlagning á íslensk fjármálafyrirtæki er með því hæsta sem þekkist í hinum vestræna heimi. Það dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja á alþjóðlegum markaði og eykur sömuleiðis rekstrarkostnað þeirra. Það leiðir svo af sér verri og dýrari þjónustu til viðskiptavina.
3. Afnema ætti sérstakan bankaskatt, enda takmörkuð rök fyrir því að starfsemi fjármálafyrirtækja sé skattlögð umfram starfsemi annara fyrirtækja. Afnáam bankaskatts myndi jafnframt liðka verulega fyrir sölu ríkisins á hlut þess í bönkunum.

Bardagaípróttir

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Lögleiða ætti allar tegundir bardagaíprótta á Íslandi, í áhuga- sem og atvinnumennsku.
2. Semja þarf skýra löggjöf um bardagaípróttir á Íslandi, í samráði við iðkendur þeirra, sem tryggir öryggi og réttindi keppenda.
3. Stuðla ætti að auknum tækifærum til atvinnumennsku í öllum íþróttum innanlands, þ.m.t. bardagaíþróttum.

Burt með flugvöllinn í Reykjavík

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022, uppfært á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að færa skuli flugvöllinn í Reykjavík og unnið verði markvisst að því endurnýja ekki þjónustusamninginn með því að finna aðra lausn sem tryggir sjúkraflug og aðgengi fólks á landsbyggðinni að höfuðborgarsvæðinu.
2. Undir flugvellinum er verðmætt land sem hagkvæmast væri að nýta til þess að þetta byggð í Reykjavík. Það stuðlar að betri lífsgæðum, minni umferðarpunga og grænni borg.

Breytingar á erfðafjárskatti

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2023

1. Uppreisn vill sjá miklar breytingar á því hvernig skattaumhverfinu þegar kemur að erfðafjárskatti. Uppreisn vill að dánarbú verði ekki lengur sá lögaðili sem greiðir skattinn heldur reiknast hann og er greiddur af hverjum og einum erfingja fyrir sig af þeim hluta sem aðilinn erfðir.
2. Uppreisn vill að hver og einn einstaklingur fái skattfrjálsan arf upp að ákveðnu marki en eftir það skal sett á mun hærri erfðaskattur en er á Íslandi í dag.
3. Hár erfðafjárskattur tryggir að sá auður sem til er í samfélaginu safnist ekki á hendur fárra hendur og sé ekki nýttur til að keyra áfram mikilvægar úrbætur í samfélaginu. Uppsöfnun auðs á hendur fárra er ein mesta hættu við lýðræðið í hinum vestræna heimi í dag og því um lýðræðisumbætur að ræða ekki bara efnahagslega aðgerð.

Byggt í þágu ungs fólks

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022, uppfært á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að nýbyggingar taki meira mið af þörfum ungs fólks en áður, hvort sem kemur að kaupendum eða leigjendum. Einnig er hægt að byggja nýbyggingar sem henta eldra fólki sem vill minnka við sig, svo að sölukeðjan sem leiði af sölu þeirra eigna verði til hagsbóta fyrir ungt fólk.
2. Þetta skal gert með áframhaldandi uppbyggingu fjölbreytts húsnæðis á þéttingarreitum, samhliða einfaldari reglugerðum.

Bætt aðstaða fólks á flóttu

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að það beri að gera opinbera úttekt á úrræðum fólks á flóttu á Íslandi.
2. Mikil leynd hefur ríkt yfir þeim úrræðum sem ríkið býður fólki á flóttu upp á hérlandis þar sem ekki er heimild fyrir aðgengi fjölmiðla og fólk sem þar dvelur má ekki bjóða með sér gestum. Fólkið sem dvelur í þessum úrræðum er hrætt við það að vekja athygli á bágunum skilyrðum sínum en ýmis hjálparsamtök og aktívistar hafa vakið athygli á því seinustu ár og ljóst er að úrræðum er virkilega ábótavant.
3. Í ljósi þeirra ábendinga sem fram hafa komið og sögum fólks á flóttu sem hefur dvalið í úrræðum íslenska ríkisins við komu hér til lands, að aðstæðurnar sem við bjóðum fólki upp á hérlandis eru ekki mannsæmandi og við þurfum að gera mun betur.

Bætt starfsumhverfi kennara

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn telur mikilvægt að bæta starfsumhverfi kennara verulega á næstu árum. Hærri laun er ekki það eina sem kennarar þurfa og er mikilvægt að horfa á stóru myndina varðandi hvað þarf að gera.
2. Það vantar kennara á öll stig menntakerfisins sem setur aukna kröfu á kennara til að gera miklu meira en starfið ætti að krefjast. Þá þarf að horfa til þess hvers vegna kennara skortir og hvernig við fáum fleiri til að kenna.
3. Það vantar fleiri sérfræðinga og stuðningsfulltrúa innan skóla sem geta aðstoðað þá nemendur sem þurfa aukna aðstoð vegna t.d. fötlunar, greininga eða veikinda.

Börn eiga ekki heima á sakaskrá

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að börn eigi ekki að vera á sakaskrá. Mikilvægt er að forðast að stimpla börn sem glæpamenn og sýna þeim að þau eigi sér framtíð þrátt fyrir mistök fortíðar.
2. Auka þarf forvarnarstarf og betrunarstefnu innan fangelsiskerfisins, það verður ekki gert ef börn eru á sakaskrá.
3. Sérstök úrræði ættu að vera í boði fyrir börn sem gerast brotleg við lögin sem halda utan um þau, sýna þeim stuðning og aðra leið í lífinu - án þess að stimpla þau sem glæpamenn út lífið.

Eflum móttöku barna af erlendum uppruna

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að stórefla eigi móttöku barna í menntakerfið sem flytja til Íslands og hafa ekki íslensku að móðurmáli.
2. Með því að stórefla móttökuskóla, móttökudeildir og íslenskuver, ásamt því að tryggja skilvirkt samstarf þessara úrræða við grunnskóla, tökum við betur utan um þessi börn. Þá sé það gert að því markmiði að veita þeim markvissa og yfirgripsmikla íslenskukennslu, aðlögun að íslensku skólaumhverfi og samfélagi fyrst þegar þau koma til landsins, til þess að undirbúa þau til að ganga í sína hverfisskóla að þessu tímabili loknu.
3. Uppreisn telur að slíkar aðgerðir muni jafna stöðu erlendra barna þegar þau koma inn í skólastofuna og jafnframt minnka álag á kennara, sem hafa ekki alltaf rými til að grípa þessi börn eins vel og myndi þurfa þegar þau hefja sína skólagöngu hér á landi. Með því að jafna betur stöðu erlendra barna í íslensku skólakerfi tryggjum við þeim tækifæri til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi og eiga sömu möguleika og önnur börn.

Eflum stoðþjónustu innan skólakerfisins

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn telur nauðsynlegt að efla stoðþjónustu innan skólakerfisins til að mæta betur þörfum þeirra nemenda sem glíma við námserfiðleika.
2. Ljóst er að fjöldi nemenda sem þurfa á stuðningi að halda fer vaxandi innan íslensks skólakerfis ár frá ári. Þar skiptir einstaklingsmiðaður og sveigjanlegur stuðningur sköpum auk snemmtækrar íhlutunar til að snúa við þeirri þróun
3. Tryggja þarf að nemendur fái fjölbreytt hjálpartæki, sérstaklega þeir sem mest þurfa á þeim að halda.
4. Þarfir nemanda þurfa að vera í forgangi. Því er mikilvægt að stjórnvöld vinni náið með skólum, kennurum, nemendafélögum og foreldrum.

Einföldun skattkerfisins

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að einfalda beri skattkerfið, neytendum og fyrirtækjum til hagsbóta.
2. Það er mikið hagsmunamál fyrir neytendur jafnt sem fyrirtæki að skattkerfið verði einfaldað. Almenn neytendapjónusta ætti öll að vera í sama skattþrepi og þar ætti engin þjónusta að vera undanskilin. Ekki ætti að ívilna völdum atvinnugreinum eða stökum fyrirtækjum með skattaafslætti.
3. Slíkt jafnræði myndi veita ríkinu svigrúm til að lækka hærra þrep virðisaukaskatts, og jafnvel opna á þann möguleika að fækka þrepunum í eitt.

Fjarnámsskylda opinberra háskóla

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Opinberir háskólar á Íslandi eiga að þjóna samfélaginu öllu, en vöntun á fjarkennslu gerir mörgum erfitt að stunda nám
2. Margir velja fjarnám til þess að geta aðlagð náminu að lífi sínu, fjölskyldu, áhugamálum og vinnu.
3. Uppreisn kallar á að stjórnvöld semji skýra og aðgengilega fjarnámsstefnu og láti fjármagn fylgja svo hægt sé að bjóða upp á fleiri námsleiðir í fjarnámi við opinberra háskóla.
4. Uppreisn sér ekkert til fyrirstöðu að Háskólaráðherra tryggi að opinberir háskólar bjóði upp á fjarnám, þar sem því verður viðkomið, í öllum námsgreinum sem val, og bæta þannig aðgengi fólks að námi.

Fjölgun skattþrepa

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn telur fjölga skuli skattþrepum með litlum hækkunum þeirra á milli, að fyrirmynd ríkja eins og Þýskalands, Bretlands og fleiri ríkja, til að tryggja það að ekki sé dregið úr hvata einstaklinga til að afla sér meiri tekna.
2. Jafnframt telur Uppreisn að hlutfall hæsta tekjuskattþreps skuli ekki hækkað miðað við það kerfi sem er við lýði, enda er tekjuskattur afar hár á Íslandi og mikilvægt er að tryggja að tekjuskattur á einstaklinga hækki ekki frekar.

Flýtum Sundabraut

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

3. Uppreisn ályktar að flýta skuli framkvæmdum við Sundabraut.
4. Sundabraut er mikilvægur liður í því að tengja betur saman hverfi Reykjavíkur, tengir betur höfuðborgarsvæðið við landsbyggðina, býr til nýja flóttaleið fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og tengir saman meginhluta Reykjavíkur við þann hluta borgarinnar sem liggur norðan Mosfellsbæjar.
5. Tryggja skal að með Sundabraut verði einnig til ný stofnæð fyrir almenningssamgöngur í sérrými á höfuðborgarsvæðinu.

Frjálslyndi er grunngildi Uppreisnar

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

Uppreisn ályktar að frjálslyndi sé grunngildi hreyfingarinnar. Frjálslyndi er sú hugmyndafræði að einstaklingurinn sé best til þess fallinn að taka ákvarðanir um eigið líf og eigi rétt á að búa við frelsi svo lengi sem það gangi ekki gegn frelsi eða öryggi annarra.

Frjálslyndi skal haft að leiðarljósi við stefnumótun og ákvarðanir Uppreisnar.

Uppreisn ályktar að hreyfingin skuli standa vörð um frjálslynd gildi og beita rödd sinni á vettvangi stjórnmalanna í þeim tilgangi.

Frelsi framhaldsskóla

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

Uppreisn ályktar að styrkleiki framhaldsskóla felist í fjölbreytni þeirra. Standa þarf vörð um frelsi þeirra til að skera sig úr með framboði á fjölbreyttum námsbrautum, sveigjanleika í námslengd og -fyrirkomulagi. Samkeppni milli framhaldsskóla er af hinu góða og hvetur þá til að skapa eigin sérstöðu og skila sem bestum niðurstöðum fyrir námsmenn.

Frelsi í framleiðslu og dreifingu kláms

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að birting, framleiðsla eða innflutningur á klámi, sem gert er af fúsum og frjálsum vilja, eigi ekki að varða við lög.
2. Fólki á að vera frjálst að framleiða og dreifa klámefni svo lengi sem það er gert með upplýstu samþykki allra sem fram koma og að það birtir engan undir lögaldri. Fólki á einnig að vera frjálst að afla sér tekna með þeim hætti.
3. Fólk á ekki að eiga það á hættu að háttsemi sem engan skaðar valdi því refsingu eða tekjumissi. Ákvæði sem ekki er framfylgt eiga ekki heima í hegningarlögum.

Frelsi í heilbrigðiskerfinu

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að heilbrigðisstarfsfólk skuli hafa frelsi til að kjósa hvar þau starfa og veita sína þjónustu og jafnframt frelsi til að stunda sjálfstæðan rekstur.
2. Verkefni Sjúkratrygginga Íslands skal vera að gera samninga við aðila, óháð rekstrarformi, sem veita nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, greiða fyrir og tryggja gæði þjónustunnar. Öll skulu hafa aðgengi að sem bestri heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.
3. Heilbrigð samkeppni milli rekstraraðila sem veita heilbrigðisþjónustu ýtir undir frekari gæði og skilvirkni auk þess sem hún býr til valfrelsi fyrir þau sem þurfa á þjónustunni að halda.

Frelsi til að byggja á eigin lóð

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2023

1. Uppreisn ályktar að deiliskipulög séu í flestum tilfellum gerð umtalsvert almennari en tíðkast hefur. Sveitarfélög eiga ekki að niðurnjörva hvað má og má ekki byggja á hverri lóð, né stöðva eðlilega þróun á nýtingu rýma til íbúða eða atvinnu.
2. Rýmka á heimildir fólks og félaga til að rífa, byggja og breyta húsnæðum á lóðum sem það hefur forráð á. Þannig er hægt að koma til móts við þarfir markaðarins á hvers kyns húsnæði sem vantar á mun skilvirkari, ódýrari, og hagkvæmari hátt.

Geðheilsa ungmenna

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn telur mikilvægt að geðheilsa ungmenna á Íslandi verði sett í forgang. Þörf er á að fjármagna og bæta enn frekar þá hjálp sem er til staðar.
2. Vaxandi fjöldi barna og unglinga glíma við geðræn vandamál en of mörg þeirra fá ekki aðstoð innan ásættanlegs tímaramma þar sem biðlistar eftir greiningu og meðferð eru alltof langir.
3. Ef gripið er snemma inn í þegar vandi gerir vart við sig með annað hvort forvörnum eða aðgengi að þjónustu sem einstaklingur þarf getur það dregið úr alvarlegum afleiðingum fyrir einstaklingana sjálfa, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt.

Greiðslumat byggt á leigu

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að leigugreiðslur verði fullnægjandi grundvöllur í greiðslumati fyrir fasteignalán.
2. Fólk sem hefur staðið skil á leigu fyrir íbúðarhúsnæði, skv. þinglýstum leigusamningi, í 12 mánuði eða lengur ætti að teljast hafa greiðslugetu fyrir fasteignalán sem samsvarar sömu fjárhæð á mánuði og það hefur greitt á tímabilinu.
3. Það leiðir til þess að fólk sem gæti lækkað greiðslubyrði sína með því að kaupa fasteign festist síður á óhagstæðum leigumarkaði.

Greiðslur til að brúa bilið

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að sveitarfélög eigi að bjóða foreldrum upp á greiðslur með barni eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til það fær úthlutað pláss í dagvistun.
2. Uppreisn telur mikilvægt að greiðslurnar séu skilyrtar með þeim hætti að þær séu háðar því að foreldrar séu með virka umsókn um dagvistun hjá leikskóla eða dagforeldri með það að markmiði að tryggja jafnrétti foreldra.
3. Uppreisn telur jafnframt mikilvægt að tryggja að þetta sé valkvætt úrræði og sömuleiðis að tryggja sveigjanleika í kerfinu til þess að draga ekki úr atvinnuþátttöku þeirra foreldra sem kjósa að hefja aftur vinnu að loknu fæðingarorlofi.

Grænir hvatar

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að kostnaður samfélagsins vegna losunar
2. gróðurhúsalofttegunda og annarrar mengunar skuli vera metinn og hann bættur af hálfu þeirra sem valda honum.
3. Brýnt er að skapa strax nýja hvata fyrir framleiðendur, t.d. í landbúnaði, til að draga úr losun og mengun sem framleiðslunni fylgir. Má þar nefna að beita sér fyrir lækkun raforkuverðs til grænmetisbænda, og til annarra framleiðenda sem fylgja ströngum umhverfisstöðlum, sem og að leggja niður landbúnaðarstyrki sem greiddir eru fyrir magn af framleiddu kjöti.
4. Til að koma í veg fyrir að hækkun mengunargjalda verði að tekjupúfu fyrir ríkissjóð skulu skatt- eða gjaldstofnar hins opinbera, sem lagðir eru á allan almenning, vera lækkaðir um sömu heildarfjárhæð og mengunargjöldin skila. Þannig er hægt að hvetja fólk og fyrirtæki með áhrifaríkari hætti til að draga úr mengun og mengandi starfsemi. Græn gjöld skulu vera í samræmi við magn og tegund mengunar.

Hið opinbera á samkeppnismarkaði

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2023

Hið opinbera á ekki að vera á samkeppnismarkaði.

Uppreisn vill að hið opinbera fari í það að selja fyrirtæki á samkeppnismarkaði þannig að umfang þess á samkeppnismarkaði verði sem minnst. Það er jákvætt og rétt fyrsta skref að fara í hlutafjárukningu á fyrirtækjum en markmiðið á alltaf að vera sala fyrirtækjanna til einkaaðila. Skattgreiðendur eiga ekki að þurfa bera ábyrgð á rekstri fyrirtækis á samkeppnismarkaði.

Hinseginvænt kerfi

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Allar opinberar skráningar skulu taka tillit til flóru alls mannkyns m.a. með notkun á kynhlutlausu tungumáli.
2. Tryggja ætti að allar opinberar stofnanir fái fræðslu um hinseginleikann og innleiði aðgerðaáætlun um bætta stöðu hinsegin fólks innan sinna raða.
3. Allt efni sem ætlað er til fræðslu s.s. kynfræðslu og ofbeldisfræðslu ætti að taka mið af fjölbreytileika fólks.

Ívilnanir fyrir vinnustaði sem bjóða upp á dagvistun fyrir börn starfsfólks

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að heimila ætti ívilnanir fyrir fyrirtæki sem bjóða upp á dagvistun fyrir börn fyrir starfsfólk sitt.
2. Miklir erfiðleikar standa fyrir foreldri/forráðamenn með ung börn þar sem þau komast ekki að á leikskólum. Algengt er orðið að foreldrar þurfi að vera lengur heima með börn en þau myndu vilja eða hafa getu til.
3. Með þessu væri hægt að auka á valfrelsi foreldra til ákvarðanatöku um hvað verður um börn þeirra á meðan eftir leikskólaplássi er beðið og jafni tækifæri beggja foreldra að komast aftur inn á vinnumarkaðinn.
4. Einnig væri hægt að létta á erfiðleikum sem hafa skapast varðandi takmörkuð leikskólapláss og langa bið ásamt því að hjálpa vinnustöðum að gera þá eftirsóttarverðari.

Landeignarskattur í stað fasteignaskatts

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að fasteignaskattur skuli með öllu lagður niður og í stað hans verða settur á landeignarskattur.
2. Landeignarskattur tekur eingöngu mið af virði undirliggjandi lands og er óháður hvers konar uppbyggingu sem er á því.
3. Skattalöggjöf ætti að hvetja til betri nýtingu á landi, og uppbyggingu á betri fasteignum og innviðum. Fasteignaskattur er neikvæður hvati fyrir slíkar aðgerðir, þar sem fjárfestingu í slíkri uppbyggingu fylgja hærri skattar.
4. Fasteignaskattakerfið er jafnframt hvati til lóðabrasks, þar sem lítill kostnaður felst í að eiga vannýtta lóð á eftirsótttri staðsetningu, sem hækkar samt gríðarlega í verði.

Laxeldi á Íslandi

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að skýra þurfi ramma í kringum laxeldi í sjó. Markmið slíks ramma ætti alltaf að vera til þess fallin að ýta undir atvinnuuppbyggingu á landsbyggðum Íslands með sem minnstum skaða og áhættu fyrir náttúru landsins.
2. Raunverulegar afleiðingar þurfa að vera til staðar þar sem ítrekuð vanræksla er að eiga sér stað með alvöru sektum og leyfissviptingum eftir því sem á við. Kostnaður vegna sleppinga og smita milli kvía þarf að leggjast á þau fyrirtæki sem bera ábyrgð á þeim og bótaréttur skilgreindur sé um vanrækslu að ræða.
3. Ekki má falla frá grunnhugmyndum Viðreisnar að nýting auðlinda sé tímabundin og háð gjaldi sem samræmist markaðsverði, þar sé sjókvíaeldi ekki undantekning.

Leggjum niður mannanafnanefnd

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að fólki eigi að vera frjálst að velja sér og börnum sínum nöfn án afskipta ríkisins.
2. Nafn er nátengt sjálfsmynd og sjálfsvitund fólks og varðar fyrst og fremst einkahagi og persónurétt. Mannanafnanefnd byggir á úreltri hugmyndafræði ríkisafskipta við nafnaval og skal lögð niður. Framtíð íslenskrar tungu er ekki háð því að kvaðir séu lagðar á það hvað fólk megi heita. Mannanafnalögin veita börnum enga vernd fyrir ofbeldi eða vanvirðandi háttsemi af hálfu foreldra sinna.
3. Nöfn eiga ekki að vera kynbundin.

Leikskólastigið að skólaskyldu

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að gera ætti leikskólastigið að skólaskyldu. Með því myndi virðing gagnvart því starfi sem leikskólar sinna stóreflast, sem og tryggja að nauðsynlegt fjármagn færi til stigsins.
2. Líkt og fagfólk innan menntakerfisins hefur bent á að oftar en ekki litið á leikskólastigið sem þjónustustig, en ekki sem fyrsta skólastigið líkt og lög á Íslandi kveða á um. Sé leikskólastigið gert að skólaskyldu er enn fremur verið að festa það í sessi sem fyrsta skólastigið.
3. Leikskólar sinna nauðsynlegu og faglegu starfi sem tryggir börnum gæðamenntun, uppeldi, umönnun og félagsmótun. Allt er þetta nauðsynlegur undirbúningur fyrir grunnskólagöngu barna.
4. Leikskólar taka við fjölda nemenda af erlendum uppruna og byggja upp þann nauðsynlega grunn sem börn þurfa til þess að læra tungumálið og taka þátt í íslensku samfélagi, bæði í frístunda- og tómskundastarfi og næstu skólastigum.
5. Sýnum leikskólastiginu þá virðingu sem það á skilið. Þetta er fyrsta skólastigið, og ætti því að vera skólaskylda.

Lengjum skólaárið í skrefum

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að skólaár grunnskóla skuli lengja í litlum skrefum til að lengd skólaársins sé sambærileg þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við, t.d. í PISA könnunum.
2. Ljóst er að námsárangur íslenskra grunnskólanemenda er of slakur og bent hefur verið á að skólaár íslenskra grunnskólabarna er mun styttra en gengur og gerist í samanburðarlöndum. Hver einasti skóladagur skiptir máli í námi barna og lenging skólaársins myndi tryggja meira svigrúm fyrir börn og kennara til að fara yfir það efni sem nauðsynlegt er að börn tileinki sér.

Loftslagsmarkmið Íslands skulu taka mið af heildarlosun Íslands

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að loftslagsmarkmið Íslands skuli taka mið af heildarlosun landsins á hverjum tíma og m.t.t. allra losunarflokka.
2. Markmið Íslands í loftslagsmálum mega ekki takmarkast við tiltekna losunarflokka. Slíkt er metnaðarlaust og ekki til þess fallið að ná æskilegum árangri í samdrætti losunar.
3. Ríkisstjórn skal hverju sinni setja sér loftslagsmarkmið sem taka mið af öllum losunarflokkum og undanskilja ekki tilteknar tegundir losunar. Þá skulu alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í losunarmálum einnig taka til allra losunarflokka.

Lækkum skatta

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að skattaumhverfi á Íslandi sé óhagstætt og skattar séu almennt séð of háir hér á landi.
2. Uppreisn vill að skattar á Íslandi séu lækkaðir samhliða ábyrgari ríkissrekstri þar sem dregið er verulega úr útgjöldum ríkissjóðs með hagræðingu og skilvirka nýtingu almannafés að leiðarljósi.
3. Uppreisn vill sjá að ríkið setji sér stefnu í sköttum og útgjöldin fylgi. Þetta komið í stað þess viðhorfs sem virðist hafa ríkt að útgjöldin séu ákvörðuð og tekjurnar ákvarðaðar svo seinna.

Lækkun kosninga- og kjörgengisaldurs

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

4. Uppreisn ályktar að lækka eigi kosninga- og kjörgengisaldur niður í 16 ár í öllum almennum kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum.
5. Ungt fólk verður skattskyldt við 16 ára aldur, og því eðlilegt að það fái eitthvað um stjórn lands síns að segja. Eigi einstaklingur að borga skatta á hann líka að hafa eitthvað um það að segja í hvað þeir fara.
6. Því fylgir ábyrgð að búa í lýðræðissamfélagi og að fela fólki þá ábyrgð fyrr er mikilvægur liður í því að auka lýðræðisvitund ungs fólks, og þar með ýta undir kosningaþátttöku þess. Samhliða þyrfti að auka fræðslu um lýðræði á öllum skólastigum.

Lögleiðing vímuefna

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Lögleiða ætti framleiðslu, neyslu og sölu á vímuefnum.
2. Með öllu uppi á borðum er hægt að tryggja regluverk í kring um og eftirlit með bæði framleiðslu og sölu. Það eykur öryggi neytenda umtalsvert, enda tryggir það að efnin sem eru í umferð hverju sinni hafi sem minnst skaðleg áhrif. Einnig fengist betri heildarmynd af neyslunni sem gæti auðveldað forvarnastarf, en samhliða lögleiðingu væri mikilvægt að efla það til muna.
3. Lögleiðing er til þess fallin að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi, bæði innlendri og erlendri.

Niðurfelling neyslustýrandi skatta

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn leggur til að skattar, sem hugsaðir eru til þess að minnka neyslu fólks á ákveðnum vörum, verði felldir niður og nýir ekki teknir upp - að undanskildum grænum sköttum.
2. Í stað neyslustýrandi skatta skal forvarnarstarf vera eftt til muna og ákveðnar vörur færðar í efra skattþrep virðisaukaskatts, á meðan slík stigskipting er til staðar.
3. Neyslustýrandi skattar bitna mest á þeim sem hafa minna milli handanna. Skattar sem þessir hafa takmarkaðan fælingarmátt, þeir sem ætla t.d. að neyta áfengis sér til skemmtunar gera það almennt óháð verði.

Opinber skráning trúar- og lífsskoðana

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Auk þess að aðskilja ríki og kirkju er mikilvægt að ríkið láti af opinberri skráningu trúar- og lífsskoðana.
2. Utanumhald félagatals og innheimta sóknargjalda ætti að færast á hendur trú- og lífsskoðunarfélaganna sjálfra, þannig rekstri þeirra verði háttað með sama móti og annarra frjálsra félagasamtaka.

Ókeypis máltíðir í öllum leik- og grunnskólum

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að leik- og grunnskólar skuli bjóða upp á frían hádegismat og morgunmat.
2. Styðja ætti við þær fjölskyldur sem hafa ekki efni á mat fyrir börn á skólaaldri og tryggja það að allir krakkar fá máltíðir í skóla.
3. Jafnframt skal það tryggt að gæði máltíða rýrni ekki við slíka aðgerð.

Rétturinn til að deyja með reisu

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn álykar að fylgja þurfi eftir málefni um dánaraðstoð og beita sér fyrir því að slíkt verði gert löglegt á Íslandi.
2. Þegar fólk er þjáð og dauðvona að mati fagaðila, og vill binda enda á líf sitt á eigin forsendum og með upplýstum vilja, ætti löggjöfin að heimila slíkt með aðstoð fagfólks.
3. Nauðsynlegt er að fylgja málinu eftir sem fyrst. Nú þegar er dánaraðstoð í stefnu Viðreisnar, þökk sé Uppreisn, en málið hefur þokast hægt á Alþingi.

Sameining framhaldsskóla á Íslandi

Lagt til á fundi félagastjórnar Uppreisnar 4.11.2023

1. Aðkoma nemenda þarf að vera forgangsatriði þegar ræða á sameiningu framhaldsskóla á Íslandi.
2. Að grundvelli sameiningu framhaldsskóla þurfa að liggja fagleg rök þar sem eðli náms og áherslur skólanna eiga samleið.
3. Sameiningar framhaldsskóla mega ekki bitna á vali nemenda milli fjölbreytilegra námsleiða og skóla á hverju svæði.
4. Tryggja þarf að námsframboð um allt land sé fjölbreytt og raunverulegir valkostir séu í boði fyrir nemendur sama hvar þau búa.
5. - Uppreisn styður hagræðingu í opinberum rekstri á Íslandi, og á það líka við um skólakerfið að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

Sameining sjóða

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að það ætti að vera forgangsverkefni að sameina sjóði á vegum hins opinbera eins og hægt er.
2. Sameining sjóða ætti að miða við það að hagræða og minnka umsýslukostnað sjóða og sérstaklega þegar starfsemi þeirra skarast.
3. Samhliða sameiningu þarf að endurskoða starfsemi þeirra og leggja niður eða endurhaga þegar við á.

Sameining sveitarfélaga

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2023

Uppreisn vill fara í víðtæka sameiningu sveitarfélaga á landinu.

Stefnt skal að því að lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélögum sé 10.000 manns, þó með teknu tilliti til að landfræðilegrar legu. Þannig sé hægt að byggja upp öflugri stjórnsýslueiningar innan hvers sveitarfélags og tryggja öflugri þjónustu og hagræðingu í rekstri.

Skógrækt

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að jafnt ríki og sveitarfélög skuli auka skógrækt á landsvæðum í þeirra eigu.
2. Losun vegna landnotkunnar (LULUCF) er umfangsmesti losunarflokkurinn þegar heildarlosun Íslands er skoðuð. Losun vegna landnotkunar er mest af völdum gras- og votlendis. Árangursríkasta leiðin til að draga úr losun í þessum losunarflokki er með viðhaldi og ræktun skóga. Skógrækt eflir enn fremur líffræðilega fjölbreytni landsins og eru skógar auðlind sem nýtist að mörgu leyti.
3. Ríki og sveitarfélög skulu hafa metnaðarfulla stefnu um aukna skógrækt og minnkun gras- og votlendissvæða m.a. með því að umbreyta svæðunum í skóga. Markmið þessara stefna skulu vera mælanleg og tímasett og sæta reglulegri endurskoðun byggt á nýjustu loftslagsvísindum og árangri í málaflokknum.

Staðlað inntökupróf í menntaskóla

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024, uppfært á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að til staðar eigi að vera samhæfð próf við lok grunnskólagöngu, sem verði valfrjálst í noktun við inntöku nemenda í menntaskóla.
2. Umsóknir grunnskólabarna sem sækja um í menntaskóla eru undir mikilli samkeppni samnemanda sinna og hefur þróunin verið sú mörg grunnskólabörn sækja um í sömu skólana.
3. Uppreisn ályktar að öll börn ættu að hafa sömu tækifæri til þess að vera samþykkt inn í þá menntaskóla sem þau óska eftir, og þarf því að vera til staðar leið til að staðla inntökuna og hæfnimat þvert á alla skóla og öll börn.

Staða RÚV á samkeppnismarkaði

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að taka eigi Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði og lágmarka áhrif þess á samkeppni ásamt því að endurskoða þarf hlutverk og umfang RÚV.
2. Vera ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði skekkir óneitanlega samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla. Til að tryggja fjölbreytta flóru fjölmiðla og gera fjölmiðlamarkaðinn aðgengilegri er mikilvægt að ríkið lágmarki áhrif sín þar.
3. Endurskoða þarf hlutverk og starfssemi RÚV í takt við tækniframfarir. Frekar væri unnt að mynda sérstakan úthlutunarsjóð fyrir innlent menningarefni og dagskrárgerð sem allir fjölmiðlar hefðu jafnt aðgengi að. RÚV gegnir þó mikilvægum hlutverkum á sviði menningar, upplýsinga, fræðslu og almannavarna. Standa þarf vörð um þau hlutverk samhliða endurskoðun á annari starfssemi miðilsins.

Stefnumótun í útlendingamálum

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að sjónarmið mannúðar og frjálslyndis skuli ráða för við stefnumótun í útlendingamálum, hvort sem um er að ræða inngildingu, húsnæði, verndarákvarðanir, atvinnuleyfi eða nokkuð annað sem viðkemur málaflokknum.
2. Stefna í útlendingamálum skal miða að því að byggja brýr og halda utan um viðkvæmustu hópana sem hingað leita, en ekki mynda gjár á milli þeirra sem leita hingað og þeirra sem nú þegar búa á Íslandi.
3. Ef horft er til stefnu annarra þjóða við lagasetningu á Íslandi skal tryggt að ekki séu tekin upp ákvæði eða reglugerðir sem stríða gegn grundvallarsjónarmiðum mannúðar og frjálslyndis.
4. Mikilvægt er að stjórnvöld bregðist við útlendingaandúð í samfélaginu og að stefnumótun sé til þess fallin að sporna gegn andúð og fordómum í íslensku samfélagi.

Styrkjum stöðu barna sem þurfa sértækan stuðning í skólakerfinu

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að skólar sem sjá um börn með sértækar stuðningsþarfir séu stækkaðir eða að þeim sé fjölgað til að mæta þessari þörf.
2. Staða barna sem þurfa sértækan stuðning hefur um árabil verið slæm, biðlistar langir, og Klettaskóli, sem er ætlað að sjá um börn af öllu landinu, er fyrir löngu sprunginn. Því er brýnt að ríki og sveitarfélög bregðist við þessum vanda.

Tryggjum forgang á starfsbrautir í framhaldsskólum

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2025

1. Uppreisn ályktar að nemendur úr sérskólum og sérdeildum fái forgang inn á starfsbrautir framhaldsskóla.
2. Oft er þessi nemedahópur að fá höfnun inn á starfsbrautir framhaldsskóla vegna mikillar aðsóknar.
3. Með samráði við foreldra og nemendur og öflugri náms- og starfsráðgjöf væri mögulegt að minnka líkurnar á því að þessir nemendur fái ekki inngöngu í framhaldsskóla.

Umfang hins opinbera og áhrif þess á samkeppnismarkaði

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2020, endurnýjað á Uppreisnarþingi 2024

1. Uppreisn ályktar að leitast skuli við að takmarka umfang hins opinbera og lágmarka eignasafn þess.
2. Hið opinbera rekur fyrirtæki á fjölmörgum sviðum sem teljast ekki til grunnþjónustu, oft í samkeppni við einkaaðila.
3. Ríkið ætti að selja hlut sinn í fyrirtækjum sem ekki teljast til grunnþjónustu og leitast við að lágmarka almennt veru sína á samkeppnismörkuðum og þar sem vera þess er almennt ekki nauðsynleg.

Valfrelsi í samgöngum

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að bjóða eigi umtalsvert meira valfrelsi í samgöngum en tíðkast hefur.
2. Tryggjum að Borgarlína verði byggð upp hratt og vel, þannig að hún njóti forgangs í umferðinni og verði því raunhæfur kostur, samhliða betri strætó og ennþá betri göngu- og hjólreiðatengingar en áætlanir gera ráð fyrir.
3. Verum áfram opin fyrir nýjungum, líkt og rafhlaupahjólum og greiðum veginn fyrir þeim frekar en að festa í flækjustigi. Því meira sem virkum samgöngumátum er gert hærra undir höfði þeim mun grænna, frjálsara og þjónustuvænna verður samfélagið.

Varnarmál

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2023, uppfært á félagsstjórnarfund 30. Maí 2025

1. Undanfarna áratugi hefur viðtekin röð og regla í samfélagi þjóðanna átt undir högg að sækja. Samfara uppgangi alræðishyggju og þjóðernispopúlisma færast stríðsátök og flokkadrættir stríðandi fylkinga sífellt í aukana. Ísland stendur, ásamt bandalagsríkjum sínum, andspænis áður óþekktu landslagi í varnarmálum.
2. Uppreisn ályktar að Ísland þurfi að vera virkari þátttakandi í eigin vörnum og leggja kapp á að vera verðugur bandamaður innan NATÓ.
3. Stefna Íslands í varnarmálum megi ekki takmarkast við það að hún sé að öllu leyti í höndum bandamanna okkar sem við ætlumst til að komi okkur til bjargar ef til hernaðar skyldi koma.
4. Skoða þurfi hvernig við getum staðið á eigin fótum á meðan beðið er eftir aðstoð bandalagsríkja okkar og fyrstu viðbrögð við mögulegri innrás.
5. Tryggja þarf aukna fjárfestingu í vörnum Íslands og að varnarinnviðir og -viðbragð á Íslandi sé eft til muna.

Þarfir nemenda í forgrunni

Samþykkt á Uppreisnarþingi 2022

1. Uppreisn ályktar að endurskoða beri grunnskólakerfið frá heild svo það þjóni fyrst og fremst þörfum nemenda.
2. Þrátt fyrir ýmis konar breytingar í áranna rás er það miður staðreynd að kjarni skólakerfisins hefur haldist hinn sami í meira en öld, þegar vitneskja um getu og þarfir barna var allt önnur en hún er nú.
3. Tímabært er að innleiða nýjar nálganir og aðferðir í takt við tímann, auk þess að styðja við einkarekna skóla til jafns við opinbera skóla því oftast en ekki eru þeir brautryðjendur í nýjum kennsluháttum. Sama fjármagn ætti að fylgja hverjum nemenda inn í einkarekna skóla og einkareknum skólum sem fá þau framlög ekki heimilt að innheimta skólagjöld. Þannig bjóðum við nemendum og kennurum nærandi umhverfi sem ræktar það besta í okkur öllum.